

## AUGLÝSING

um notkun heimildar laga frá 24. jan. 1945, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 24. janúar 1945 og innheimta frá og með 27. janúar þ. á. að telja til ársloka 1945 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild fyrrgreindra laga frá 24. janúar 1945 og innheimta með 50% viðauka innlent tollvörugjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 60 30. desember 1939 og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935.

Viðaukinn reiknast á þann hátt sem segir í 2. gr. laganna frá 24. janúar 1945. Auglýsing ráðuneytisins, dags. 4. desember 1944, um notkun heimildar laga nr. 54 12. október 1944, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka, er úr gildi fallin.

*Fjármálaráðuneytið, 26. janúar 1945.*

**Pétur Magnússon.**

*Magnús Gíslason.*

## AUGLÝSING

um fyrirkomulag fiskflutninga o. fl.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið eftirfarandi reglur um fyrirkomulag á útflutningi fisks, hagnýtingu afla og verðjöfnunarsvæði:

I. Verðjöfnunarsvæði skulu vera þessi:

1. Reykjanes og Faxaflói.
2. Snæfellsnes, Breiðafjörður og Vestfirðir að Bildudal, að honum meðtöldum.
3. Aðrir Vestfirðir og Strandir.
4. Norðurland frá Hrútafirði að Langanesi.
5. Austurland frá Langanesi að Hornafirði, að honum meðtöldum.
6. Vestmannaeyjar og Suðurland.

II. Öll skip, sem flytja út ísaðan fisk á vegum samlaga útvegsmanna, eru undanþegin verðjöfnunargjaldi því, er um ræðir í auglýsingu samninganefndar utanríkisviðskipta, dags. 10. janúar 1945, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt.

- a. Samlögín séu opin öllum útvegsmönnum á samlagssvæðinu.
- b. Samlögín úthluti arði af rekstri skipanna í hlutfalli við heildarafla fiskeigenda (báts) án tillits til þess hvort aflinn er fluttur út ísaður, lagður upp í salt, til herzlu, í hraðfrystihús, eða nýttur á annan hátt, enda geti samlagsstjórn ráðstafað afla félagsmanna (bátanna) á þann hátt, er hún telur henta bezt í hvert skipti til þess að heildarafli hagnýtist sem bezt. Þeir bátar einir, sem eru í samlögum og hlýða reglum þeirra, geta vænt þess að verða að-njótandi réttinda samkvæmt þessum reglum.
- c. Skip þau, er annast útflutninginn, séu á leigu hjá samlögumum og rekin á þeirra ábyrgð, samkvæmt skilmálum, sem ríkisstjórnin samþykkir.